

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurborgun á útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. marz 8. júní p.á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og þar með fylgjandi erindi frá verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, P. V. Davíðssyni, með 4 fylgiskjölum, þar sem hann sækir um endurborgun á ofgreiddu útflutningsgjaldi af fiski á árunum 1883, 1884, 1885 og 1886, að upphæð kr. 99,50.

Þar sem nú þessi endurborgunarkrafa kemur svo seint fram, og verzlunarstjóri Örum & Wulffs hefur á sínum tíma greitt hinn umrædda toll mótmælalaust, þá sje jeg mjer ekki fært að sinna þessu máli frekara.

Að því er snertir þá fyrirspurn í brjefi sýslumannsins, hvernig fara eigi um tollskil, þegar skip á að flytja fisk til verkunar frá Vopnafirði til Berufjarðar, en kemur eigi á Berufjörð, heldur ferst á leiðinni eða siglir beint til útlanda, þá ber því að svara á þá leið, að farist skipið á leiðinni, þá er eigi um nein tollskil að ræða, þar sem fiskinn átti að eins að flytja á aðra höfn, en fari skipið til útlanda með fiskinn án þess tollur hafi verið greiddur af honum, þá ber að gjöra ábyrgð gildandi gegn hlutadeigandi útflutningsmanni til greiðslu á tollinum, og auk þess til sekta samkvæmt 5. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald, ef skipið hefur leynzt brott til að komast hjá tollskilum.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til póstmeistara um skaðabætur handa pósti út af slysum á póstferð. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. f. m., hafið þjer, herra póstmeistari, 8. júní sent hingað erindi póstafrageiðslumannsins á Ísafirði, þar sem skýrt er frá aukakostnaði, er aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts í Dölum hafi orðið fyrir sökum óveðurs á Þorskafjarðarheiði í 2. póstferðinni á þessu ári, og hafið þjer mælt með því, að pósti þessum verði endurgoldinn kostnaður þessi kr. 24,25 samkvæmt reikningi frá póstafrageiðslumanninum á Ísafirði.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á, að Jens pósti Þórðarsyni verði eptir atvikum í þetta sinn endurgoldnar úr póstsjóði kr. 22,00, en 4. og 5. liður reiknings póstafrageiðslumannsins á Ísafirði (fyrir aðgjörð á lykli á póstskrínu og á póstlúðri), að upphæð kr. 2,25 eiga væntanlega að greiðast af fjenu til áhalda við póststjórnina, en að endingu skal það tekið fram, að framvegis mun eigi til neins, að senda slíkar skaðabótabeidnir frá póstum hingað, þar sem jeg mun eigi sjá mjer fært, að taka þær til greina.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lán handa Reykjavíkurkaupstað til vegagjörðar. — Eptir beiðni yðar, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., veiti jeg hjer með samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 19. gr., samþykki mitt til, að taka megi 3000 kr. lán úr hafnarsjóði handa bæjarsjóði, er ávaxtist með 4%, til þess að fullgjöra nú í 80 11. júní

80 sumar hinn svonefnda Laugaveg alltjáustur að Fúlutjarnarlæk á takmörkum kaupstaðar-
11. júní umdæmisins.

81 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um sveit-**
20. júní **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. apríl p. á., hafið þjer, herra amt-
maður, sent hingað eptirrit af úrskurði yðar, dags. 2. okt. f. á., er ákveður, að Jónas
nokkur Samsonarson skuli álitast sveitlægur í Seyðisfjarðarhreppi, en hreppsnefndin í tjeð-
um hreppi hefur áfrýjað úrskurði þessum til mín — og hafið þjer jafnframt látið fylgja
14 skjöl málinu viðvíkjandi.

Jónas þessi Samsonarson er fæddur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu árið 1852,
og hafði hvergi áunnið sjer sveit annarsstaðar, þegar hann vorð 1877 um sumarmál kom
frá Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði verið að trjesmíðisnámi, og rjeðst að Gnýstöðum
í Seyðisfjarðarhreppi til að smíða hús fyrir bændurna þar, og svo til sjóróðra um sumarið;
en er hann hafði dvalið þar nokkra stund, ljētu bændurnir það eptir, að hann færi að
Ketilsstöðum á Völlum til húsasmíða, og síðan, er hann var kominn aptur þaðan, að Hauks-
stöðum í Vopnafirði í sömu erindum, en það var samkomulag milli hans og bændanna á
Gnýstöðum, að hann síðar kæmi aptur að Gnýstöðum, enda hafði hann beiðst þess, að mega
telja þar heimili sitt um sumarið og skildi þar eptir dót sitt, er hann ekki nauðsynlega
þarfnæðist um sumarið. Eptir veturnætur um haustið, kom Jónas einnig aptur að Gný-
stöðum, og dvaldi þar svo það sem eptir var ársins. Síðan hefur Jónas dvalið stöðugt í
Seyðisfjarðarhreppi, en þáði þar seinni part sumars 1887 sveitarstyrk, og kom þá fram
spurning um, hvar hann væri sveitlægur. Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður,
samdóma um, að Jónas verði eptir hinum upplýstu atvikum, að álitast hafa átt heimili
á Gnýstöðum allt frá því hann rjeðst þangað um sumarmál 1877, þrátt fyrir burtveru
sína um sumarið, og að hann því hafi með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslu-
rjett í Seyðisfjarðarhreppi, en jafnframt get jeg þess, að sveitarstyrkur sá, sem Jónasi
tjáist hafa verið veittur sumarið og haustið 1887 virðist eigi hafa verið löglega veittur,
þar sem ekkert er fram komið um, að Jónas hafi beiðst hans og engin aðsjón var gjörð
hjá honum, auk þess sem hinn framlagði verzlunarreikningur yfir úttekt hans í reikn-
ing sveitarinnar virðist helzt benda til þess, að hún hafi fram farið án nokkurrar til-
hlutunar frá fátækrastrjórnarinnar hálfu.

Samkvæmt þessu skal hjer umræddur úrskurður yðar 2. okt. f. á. standa að öllu
leyti óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

82

Reikningar

sjóða, er standa undir umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Í sjóði frá f. á.: